

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1219 Arctic Sea Farm ehf. Patreks- og Tálknafirði endurnýjað	Suðurgötu 12 400 Ísafjörður	Guðmundur Ólason Gæðastjóri Ísak Óskarsson Stöðvarstjóri			
Tilefni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	21.6.2024	25.6.2024	20	0	0
<p>Skoðuð voru og tekin afstaða til 11 skoðunaratriða af 24. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 7 skoðunaratriðum, þar af 6 Alvarleg frávik og 1 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundið skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.</p> <p>Frestur til úrbóta</p> <p>Næsta reglubundna skoðun</p>					
Alvarlegt frávik	Frávik				
4.1.3 Eldisbúnaður	5.1.3 Verklagsreglur (rekstrarleyfi>20.tonn)				
4.1.4 Eftirlit og viðgerðir á netpokum					
5.1.1 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva					
5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi>20.tonn)					
5.1.5 Innra eftirlit (rekstrarleyfi>20.tonn)					
5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstrarleyfi>20.tonn)					

Niðurstaða eftirlits

Eftirlitsmenn fiskeldisdeildar Matvælastofnunar, Vigdís Sigurðardóttir, Karl Steinar Óskarsson og Jónína Guðmundsdóttir, mættu í eftirlit hjá Arctic Sea Farm á skrifstofu þeirra á Ísafirði. Eftirlitið var boðað þann 15. apríl 2024 og mættu eftirlitsmenn í eftirlit dagana 22.-24. apríl 2024. Kallað var eftir að köfunarskýrslur allra sjókvíá á eldisvæðunum yrðu útprentaðar í tímaröð eftir eldissvæðum þegar eftirlitsmenn kæmu á staðinn en jafnframt aðgengilegar rafrænt.

Eftirlitsmenn skoðuðu allar skýrslur vegna neðansjávareftirlits og allar atvikaskráningar hjá eftirlitsþega frá 1. janúar 2023 til apríl 2024. Þá var einnig farið yfir þjálfunarskrá starfsmanna, viðgerðir á netpokum, viðbragðsáætlanir, verklagsreglur, innra eftirlit, sannprófun og ýmis önnur gæðaskjöl og skráningar.

Matvælastofnun kallaði eftir nánari upplýsingum og útskýringum vegna eftirlitsins með tölvupóstsamskiptum frá lok apríl til miðs júní. Tekið var tillit til þeirra gagna sem barst og úrskýringa rekstraraðila við gerð eftirlitsskýrslu.

Matvælastofnun mun kalla eftir tímasettri úrbótaáætlun og fylgja eftir að úrbótum hafi verið sinnt í eftiryfignieftirliti.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirliggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfærni andmælum við innihald hennar. Andmæli berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaltdöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 590/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Starfsstöð

Arctic Sea Farm ehf. Patreks- og Tálknafirði endurnýjað
Suðurgötu 12
400 Ísafjörður
Staða: Í gildi
Kennitala: 7008070450

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - AE - Áframeldi - 1

Tengiliðir

Guðmundur Ólafsson

8480473

gola@afish.is

Gæðastjóri

2 - Leyfi

2.1 - Rekstrarleyfi og skírteini

7. gr laga nr. 71/2008 og 38. gr. í reglugerð nr. 540/2020

2.1.1 Rekstrarleyfi

Í lagi

Sett inn: 25.06.2024

Farið var yfir tryggingar rekstrarleyfis og voru þær í lagi.

4 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

4.1 - Sjókvíaeldi

32 - 46.gr. reglugerð nr.540/2020 og 20.gr. reglugerð nr. 300/2018

4.1.3 Eldisbúnaður

Alvarlegt frávik

Sett inn: 25.06.2024

Við yfirferð á frávikaskráningum vegna tjóns á búnaði kom í ljós að ekki eru til staðar frávikaskráningar vegna tjóns á kvíum. Samkvæmt þeirra verklagi vegna atvikaskráningu skulu haldir fundir hálfsmánaðarlega af gæða og öryggisráði Arctic Sea Farm þar sem farið er yfir opin frávik og almenn gæða og öryggismál. Á þessum fundum skal ræða frávik og úrbætur og fylgja þeim eftir. Í verklagi þessu um frávik kemur fram að fundagerð skuli haldin vegna gæða og öryggisfunda og vistuð í EQS.

Matvælastofnun kallaði eftir þessum fundargerðum og þau svör bárust að engin formleg fundargerð er haldir en áherslupunktar sem þarf að vinna áfram eru skráðir í sérstakt skjal. Umrætt skjal barst ekki. Jafnframt bárust ekki úrbótaáætlanir vegna frávika.

4.1.4 Eftirlit og viðgerðir á netpokum

Alvarlegt frávik

Sett inn: 25.06.2024

Matvælastofnun kallaði eftir ástands- og viðgerðarskýrslu vegna eftirlits og viðgerða á netpokum. Í 2. mgr. 34. gr. rgl. nr. 540/2020 kemur fram að viðgerðir skulu skráðar í sérstaka ástands- og viðgerðarskýrslu sem inniheldur:

- Nafn, heimilisfang og undirskrift verkstæðis.
- Númer vottunarskírteinis.
- Einkennisnúmer netpokans.
- Lýsingu á umfangi og staðsetningu skemmda.
- Lýsingu á viðgerðinni.

Þær ástands og viðgerðarskýrslur sem bárust Matvælastofnun innihalda ekki framangreindar upplýsingar um viðgerðir sem áttu sér stað neðansjávar á meðan nætur eru í notkun.

Rekstraraðili sinnti ekki eigin verklagi varðandi neðansjávareftirliti þar sem tilvik eru um of langan tíma á milli neðansjávareftirlits miðað við þeirra verklagsreglu. Sem dæmi liðu 110 dagar á milli kafana á kví 1 í Hvannadal sumarið 2023.

4.3 - Strok

45.gr. og viðauki IV. í reglugerð nr. 540/2020

4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks

Í lagi

Sett inn: 25.06.2024

Minniháttar athugasemd vegna viðbragðsáæltunar vegna stroks.

- Ekki þarf að liggja fyrir rökstuddur grunur um strok, það er nóg að rekstrarleyfishafi telji sig hafa ástæðu til að ætla að hann hafi misst eldisfisk úr fiskeldisstöð og skal hann þá tilkynna atburð.
- Númer 1 ætti að vera að leita að orsökum og koma í veg fyrir að meira af fiski sleppi en númer 2 í viðbragðsáætluninni skal vera að tilkynna strok til Matvælastofnunar, Fiskistofu, sveitafélaga og nærliggjandi veiðifelaga.

Tilkynningar um minniháttar tjón á kvíum skal tilkynnast á eyðublaði í þjónustugátt á heimasíðu Matvælastofnunar mast.is, eyðublað nr. 3.11 eða tilkynna á netfang fiskeldi@mast.is

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

47. - 50.gr. og viðauki III. í reglugerð nr. 540/2020

5.1.1 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva

Alvarlegt frávik

Sett inn: 25.06.2024

Ekki er til staðar skipurit fyrir rekstrarleyfi nr. FE-1161 þar sem fram kemur starfsheiti einstakra stjórnenda og starfsmanna sem og starfslýsingur þar sem kemur fram verksvið og ábyrgð þeirra. Ábyrgðarsvið og starfslýsingar allra starfsmanna eru óskýrar

Ekki er til áætlun um móttöku nýrra starfsmanna þar sem tilgreindir eru þeir verkþættir sem nýjir starfsmenn þurfa að tileinka sér og innan hvaða tímamarka frá upphafi starfs þeirri þjálfun þurfi að vera lokið.

5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi>20.tonn)

Alvarlegt frávik

Sett inn: 25.06.2024

Eftirfarandi atriði vantar í þjáfunarskrá starfsmanna:

Tryggja skal að starfsmenn fái þjálfun þar sem markmið er:

- Að hindra strok og virkja viðbragðsáætlun ef það gerist.
- Að lágmarka umhverfisáhrif.
- Að tryggja velferð eldisdýra.

Matvælastofnun óskaði eftir þjáfunarskrám og starfsmannalista frá rekstrarleyfishafa fyrir starfsmenn með upphafsstaf frá K-Ö.

Það vekur athygli stofnunarinnar að þjálfun starfsmanna klárast í öllum tilfellum öll innan sama dags. Að mati Matvælastofnunar er þjáfunin viðamikil og ekki verður séð að hún geti rúmast innan eins dags. Sé það raunin er ljóst að fræðsla sé ekki nægjanlega umfangsmikil.

- Í einu tilfelli vantar skráningu á aðila sem framkvæmir þjáfunina.
- Ein þjáfunarskrá var án nafns starfsmannsins sem hlaut þjáfunina.
- Ein þjáfunarskrá var fyrir starfsmann sem ekki er á starfsmannalista.
- Þá vantar þjáfunarskrá fyrir níu starfsmenn sem voru starfsmannalista.

5.1.5 Innra eftirlit (rekstarleyfi>20.tonn)

Sett inn: 25.06.2024

Alvarlegt frávik

Ekki er til staðar virkt innra eftirlit sem á að tryggja skilvirkta innra eftirlit með starfsemi fiskeldisstöðvar. Þar skal koma fram: markmið, ábyrgð, tíðni, viðmiðunarmörk, aðgerðir til úrbóta og hvað skal skrá í innra eftirlit.

5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstarleyfi>20.tonn)

Alvarlegt frávik

Sett inn: 25.06.2024

Sannprófunarhópur er ekki óháður en gæðastjóri sá einn um síðustu sannprófun sem er ekki skv. verklagi. Það var því enginn óháður aðili sem sannprófaði þau kerfi og þær verklagsreglur sem settar eru fram í gæðahandbók.

Síðasta sannprófun var þann 23. nóvember 2023.

Engin undirritun var á sannprófun af forsvarsmanni eldisstöðvarinnar.

Tímasett úrbótaáætlun fylgdi ekki með sannprófun.

5.1.3 Verklagsreglur (rekstrarleyfi>20.tonn)

Frávik

Sett inn: 25.06.2024

Í verklagsreglu um móttöku seiða þarf að koma fram:

- lágmarksmöskvastærð miðað við tiltekna fiskstærð
- Hvernig þjónustubátur kemur að eldiskví
- skilgreining á veðurfarslegum aðstæðum þegar heimilt er að koma með bát að eldiskví

Í verklag um slátrun á fiski þarf að koma fram:

- Hvernig þjónustubátur kemur að eldiskví
 - skilgreining á veðurfarslegum aðstæðum þegar heimilt er að koma með bát að eldiskví
- Ekki er til staðar verklag um losun á sveimurum.

5.1.4 Viðbragðsáætlunar (rekstrarleyfi>20.tonn)

Í lagi

Sett inn: 25.06.2024

Ábending vegna viðbragðsáætlunar vegna massadauða vegna sjúkdóma og umhverfisástands.

Matvælastofnun bendir á að uppfæra þarf viðbragðsáætlunina og setja inn viðbragð ef þær aðstæður skapast að bíða þurfi eftir að meltuskip komi til landsins.

Eftifarandi skoðunaratriði voru skoðuð og reyndust í lagi

2.1.1 Rekstrarleyfi

4.1.5 Eldissvæði

4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks

5.1.4 Viðbragðsáætlunar (rekstrarleyfi>20.tonn)

Vigdís Sigurðardóttir
vigdis.sigurdardottir@mast.is
Fagsviðsstjóri fiskeldis
530-4800

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbryggings fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slika stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.

Athugasemdir geta fengið þrenns konar vægi skv. eftifarandi:

LS = Lagfært á staðnum:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem hægt er að lagfæra á meðan skoðun fer fram eða tilvikid það lítilfjörlegt að það verður augljóslega lagfært strax að lokinni skoðun.

F = Frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða. Skoðunarmaður metur umfang og alvarleika athugasemdar og metur frest til úrbóta út frá gefnum forsendum.

A = Alvarlegt frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga, reglugerða, rekstrarleyfis eða þegar augljós hættá á slysasleppingu er fyrir hendi. Úrbótum skal ljúka að hámarki innan 7 virkra daga, en ef athugasemdir gefur tilefni til, er gripið til þvingunarúrræða strax. Athugasemdir krefst að jafnaði skjótrar eftirfylgni.

Eftirfylgni-, þvingunaraðgerðir:

Ef athugasemd sem fékk LS eða sambærileg er aftur til staðar í næstu skoðun, fær athugasemdir dæminguna F. Verklag eftirlitsmanna MAST er sem hér segir, þegar úrbætur eru ekki gerðar innan tilskilinna fresta.

Athugasemd með F dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Úrbótum skal ljúka fyrir tilskilinn frest sem fram kemur í skoðunarskýrslu. Frestur til úrbóta er að hámarki 3 mánuðir, nema að um verulega umfangsmiklar framkvæmdir sé að ræða.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Veita má viðbótarfrest til úrbóta til skamms tíma, þó að hámarki 1 mánuð.
Skoðunaratriði fær enn dóminn F en jafnframt er dæmt A í skoðunaratriði 6.1.
Skoðunarmaður bendir stjórnda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli - lög nr. 71/2008)
- Heimsókn 3 – eftirfylgni: Skoðunaratriði fær dóminn F en dæmt er A í 6.1. Veittur er frestur lengst til 7 daga, andmælaréttur er veittur á vettvangi. Eftir það fær stjórnsýslusvið MAST skoðunarskýrluna og þvingunar-eftirfylgniferill (VRF-022) tekur við.

Athugasemd með A-dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Veittur frestur til úrbóta er lengstur 7 dagar, eða ef við á, fær stjórnsýslusvið MAST skoðunarskýrluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022).
Skoðunarmaður bendir stjórnda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli – lög nr. 71/2008). Andmælaréttur er veittur á vettvangi.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Skoðunaratriði fær dóminn A og jafnframt er dæmt A í skoðunaratriði 6.1. Stjórnsýslusvið MAST fær skoðunarskýrluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022).
Stjórnsýslusvið MAST fylgir eftir skoðunarskýrslu vegna endurkomu og sem inniheldur dóminn A í 6.1. Stjórnsýslusviðið stýrir framkvæmd þvingunar. Stjórnda er kynnt ákvörðun um þvingunaraðgerðir. Mál sem komast á þetta stig fá síðan lögformlega meðhöndlun hjá MAST. [VRF-022]

Þvingunaraðgerðir geta t.d. verið:

- Dagsektir
- Úrbætur á kostnað rekstrarleyfishafa
- Afturköllun rekstrarleyfis